

Í 14. grein laga um skóga og skógrækt nr 33/2019 kemur fram að Skógræktin skuli hafa samstarf við félög skógarbænda á viðkomandi svæðum. Skógræktin skuli leita umsagnar Landssamtaka skógareigenda við ákvörðun viðmiða fyrir endurgreiðslu samþykkt kostnaðar skv. 4. mgr. 11. gr. Og þá skulu Skógræktin og Landssamtök skógareigenda móta sér sameiginlegar verklagsreglur um hvernig samráði þeirra í milli skuli háttað. Með vísan í þessa lagagrein sem og 8. grein reglugerðar nr. 285/2015 eru eftirfarandi viðmið (taxtar 2022) sendir til umsagnar.

Síðan 2020 hefur samkomulag verið á milli LSE og Skógræktarinnar að taxtabreytingar skulu reiknaðar sem blöndu vísitölum launa og vísitölu framfærslu og neysluverðs jan20xx-jan20xx. Notuð verði hlutföllin 60% launavísitala og 40% vísitala framfærslu og neysluverðs. Með þeirri reiknirelgu liggur fyrir að 6,66% hækkun verði á töxtum árið 2022.

<b>Taxtar 2022</b>			
		<b>2021</b>	<b>2022</b>
<b>Verkþættir</b>			
<b>1.</b>	Gróðursetning krónur/planta	Krónur	Krónur
	67-gata bakki	17,7	18,9
	40-gata bakki	20,9	22,3
	35-gata bakki	24,1	25,7
	24-gata bakki	25,8	27,5
	Stiklingar	15,5	16,5
<b>2.</b>	Áburðargjöf		
	á nýgróðursetningu	9,8	10,4
	á eldri plöntur	12,8	13,7
<b>3.</b>	Handflekking	13,7	14,6
<b>4.</b>	Erfið handflekking	17,8	19,0
<b>5.</b>	Umsjónargjald	7,1	7,6
<b>6.</b>	Íbætur/íblöndun	5,2	5,6
<b>7.</b>	Plöntuflutningar kr. á plöntu		
	Innan við 24,9 km frá dreifingarstöð	1,8	1,9
	25-74,9 km frá dreifingarstöð	3,0	3,2
	Yfir 75 km frá dreifingarstöð	4,2	4,4
<b>8.</b>	Jarðvinnsla á hektara (kr/ha)	42.548,4	45.382,1
<b>9.</b>	Skjólbelti	sjá skýringu	
<b>10.</b>	10. Millibilsjöfnun í lerkiskógi		
	A) fyrir tré/stofna grennri en 7 cm DBH eru greiddar kr.	91,6	97,7
	B) fyrir tré/stofna sverari en 7 cm DBH eru greiddar kr.	140,3	149,7
<b>11.</b>	Girðingaviðhald kr/samningsbundinn hektara		750,0

#### Skýringar:

1. Gróðursetning. Mismunandi gjald er greitt fyrir hverja gróðursetta plöntu eftir bakkastærð.

2. Áburður og áburðargjöf. Mismunandi gjald er greitt fyrir áburðargjöf. Annars vegar á nýgróðursetningar þar sem miðað er við 12,5 gr. pr. plöntu sem dreift er u.þ.b. 5 cm frá plöntu og ofan við standi hún í halla. Inní gjaldinu er styrkur til áburðarkaupa en miðað er við að notaður sé áburður með N og P innihaldi. Algeng hlutföll af N-P eru 26-13, 25-5, 23-12, 24-9. Hins vegar áburðargjöf á eldri gróðursetningar, þar er átt við árgamlar gróðursetningar og eldri. Þá miðast magnið við 25 gr. pr. plöntu sem dreift er eins og á nýgróðursetta plöntu. Samráð skal haft við skógræktarráðgjafa ef talin er þörf á áburðargjöf á eldri gróðursetningar.
3. Handflekking. Þegar gróðurhula ca. 20 x 20 cm. er rifin af til að bæta skilyrði fyrir gróðursetta plöntu.
4. Erfið handflekking. Eins og handflekking en á við um mjög grasgefið land og þéttan hrísmóa.
5. Umsjónargjald. Til umsjónar telst umhirða og flutningur á plöntum á gróðursetningarsvæði, útfylling og skil á kortum og gróðursetningarskýrslum.
6. Íbætur/íblöndun. Greitt er fyrir íblöndun þegar gróðursett er inn í eldri gróðursetningar. Á eingöngu við eftir ráðleggingar og samþykki ráðunauts. Upphæðin leggst ofaná gróðursetningarkostnað sbr. 1. lið.
7. Plöntuflutningar. Greitt er fyrir hverja plöntu, fast gjald.
8. Jarðvinnsla. Viðmiðunargjald ef bóndi sér sjálfur um jarðvinnslu (plæging, tæting, herfing osfrv.).
9. Um framlag til ræktunar skjóllunda og skjólbelta á jörðum gilda eftirfarandi reglur: Skógræktin annast skipulagningu skjóllunda og skjólbelta í samráði við ábúanda/landeiganda, eftirlit með framvindu þeirra og veita leiðbeiningar um meðferð þeirra. Ábúandi/landeigandi sér um jarðvinnslu, áburðargjöf, fergingu, plastlagningu og vörslu skjólbeltanna (t.d. girðingar). Af fjárveitingum Skógræktarinnar til skjólbeltagerðar er fastur vélastyrkur andvirði innskatts af efniskaupum (plöntur og plast), þessi háttur hefur verið hafður á árið tvö undanfarin ár. Útborgun verði þar með engin, en ábúandi/landeigandi innheimti virðisaukaskatt efnisreikninga. Innihald framlags í skjólbeltasamningi verður því eftirfarandi:
  - a) Ráðgjöf og skipulag
  - b) Plöntur og íbætur
  - c) Gróðursetning skv. taxta
  - d) PlastdúkurÁbúandi/landeigandi skal fara eftir ráðleggingum starfsmanns Skógræktarinnar varðandi skipulag, jarðvinnslu, plastlagningu, gróðursetningu, áburðargjöf, umhirðu og vörslu skjólbeltanna. Fari ábúandi/landeigandi ekki eftir þeim ráðleggingum fær hann ekki áframhaldandi framlög til skjólbeltaræktar. Þau skjólbelti sem verða til á þann hátt sem að framan greinir verða að öllu leyti í eigu ábúanda/landeiganda."
10. Greiðslur fyrir millibilsjöfnun í lerkiskógi og fyrir fyrstu grisjun (svæði minni en 3 ha.) í ungskógum er tvískiptur og er greitt eftir fjölda felldra trjáa. Öll grisjun

umfram 3 hektara verður boðin út. Skógarbónda verður gert kleift að ganga inn í lágsta tilboð á sinni jörð ef hann óskar þess.

11. Greitt er fyrir girðingaviðhald, viðmiðið er ákveðin krónutala á hvern samingsbundinn hektara sbr gildandi reglur sem tóku gildi 1.janúar 2022.